

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 8 - 17.09. 2002

Priðjudaginn 17. september, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf. Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita út að austan
2. Ný reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf. (hitaveita)
3. Gjaldskrármál
4. Málefni Fjölnets hf.
5. Brunavarnaráætlun Brunavarna Skagafjarðar
6. Önnur mál

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. átti fund með alþingismönnum Norðurlands vestra ásamt sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 16. september 2002, þar sem óskað var eftir að þingmennirnir beittu sér fyrir því að viðmið styrks til nýrra hitaveitna verði a.m.k. 10 ára niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á svæðinu.

AFGREIÐSLUR:

1. Rætt um hitaveituframkvæmdir út að austan.
2. Ný reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf.
Stjórnin samþykkir að óska eftir framsali Sveitarfélagsins Skagafjarðar á einkaleyfi Hitaveitu Skagafjarðar til starfrækslu hitaveitu á orkuveitusvæðinu, til Skagafjarðarveitna ehf og að veitustjóra verði falið að leggja drög að nýrri reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf.
3. Gjaldskrárhækkun.
Stjórnin samþykkir að fresta gjaldskrárhækkun sem samþykkt var á fundi stjórnar þann 3. september sl., um mánuð þ.e. til 1. nóvember 2002.
4. Kynnt málefni Fjölnets hf.
Samþykkt að fela veitustjóra og stjórnarformanni að ræða við fulltrúa Fjölnets hf. um málefni þau er tengjast fyrirtækjunum.
5. Lögð fram brunavarnaráætlun Brunavarna Skagafjarðar.
Veitustjóra falið að fara yfir áætlunina og gera athugasemdir varðandi Skagafjarðarveitur ehf. ef þörf er á.
6. Önnur mál.
 - a) Skoðaðar tillögur um heimasíðu Skagafjarðarveitna ehf. og nýtt merki fyrirtækisins.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1815